



# Stefna fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og félagsþjónustu Fljótaldalshéraðs

Stefna þessi er samþykkt af sameiginlegri félagsmálanefnd Borgarfjarðarhrepps, Djúpvogshrepps, Fljótaldalshrepps, Fljótaldalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps og sveitarstjórnnum sveitarfélaganna.

Stefna þessi er samþykkt af sameiginlegri félagsmálanefnd Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.

Útgáfa þessi var afgreidd á fundi formanns félagsmálanefndar Fljótaldalshéraðs, varaformanns félagsmálanefndar Fjarðabyggðar og félagsmálastjóra félagsþjónustanna 28. apríl 2011.



## Meginmarkmið / stefnuyfirlýsing

### Félagsþjónusta Fjarðabyggðar / Fjótshéraðs vill efla lífsgæði íbúanna með því að

- vera félagslegt og fjárhagslegt öryggisnet þeirra sem til hennar leita og á þurfa að halda
- styrkja einstaklinginn til sjálfsábyrgðar og sjálfshjálpar og með því að virða sjálfsákvörðunarrétt hans
- mæta einstaklingum á eigin forsendum og viðurkenna að þarfir þeirra geta verið ólíkar
- leita leiða að lausnum mála með þeim og af fordómaleysi, virðingu og á jafnræðisforsendum
- vinna gegn aðgreiningu á grundvelli mismunandi þarfa, s.s. vegna aldurs, fötlunar eða uppruna og virða fjölbreytileika sem styrkleika
- leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir, s.s. fræðslu og forvarnir
- hafa gott aðgengi að þjónustunni og upplýsingum um hana sem flestir geti nýtt sér
- þróa áfram samstarf við hagsmunasamtök notenda og fylgjast með því sem þau eru að leggja áherslu á
- hafa í þjónustu sinni starfsfólk með haldgóða menntun og þekkingu og skapa því gott starfsumhverfi
- hafa sáttmála sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í allri sinni vinnu.

## Ráðgjöf

Það er markmið félagsþjónustunnar að veita góðar upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur félagsþjónustan áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að sjálfshjálpi. Hjá félagsþjónustu Fjarðabyggðar / Fljótsdalshéraðs skal félagsleg ráðgjöf veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingnum.

### Stuðningsviðtöl og ráðgjöf um réttindi

Starfsfólk félagsþjónustunnar býi yfir nauðsynlegri þekkingu til að geta veitt fagleg og uppbyggileg stuðningsviðtöl og ráðgjöf, t.d. vegna réttindamála, persónulegra erfiðleika. Til að stuðla að því verði starfsfólki m.a. tryggður aðgangur að handleiðslu og símenntun, s.s. í lausnamiðaðri meðferð, áfallahjálpi og viðtalstækni.

### Uppeldisráðgjöf og þjónusta við barnafjölskyldur

Foreldrar eða aðstandendur geti fengið aðstoð vegna uppeldismála barna til 18 ára aldurs. Félagsþjónustan bjóði foreldrum og aðstandendum reglulega upp á uppeldisnámskeið. Íbúum verði gefinn kostur á að sækja þessi námskeið hvar sem þeir búa á Austurlandi.

### Sérfræðiþjónusta

Félagsþjónustur Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar, hafi forystu, í samvinnu við hagsmunasamtök og stofnanir, um að leita leiða til að efla og samnýta sérfræðinga til að tryggja sem besta og hagkvæmasta þjónustu.

### Forvarnir

Lögð verði áhersla á að efla forvarnarstarf og fyrirbyggjandi aðgerðir með því að efla samvinnu sveitarfélaga og viðeigandi stofnana á Austurlandi. Félagsþjónusturnar tvær hafi forgöngu um að skilgreina og skýra forvarnarstarf sveitarfélaganna og kalla þá aðila til samstarfs sem þurfa þykir.

### Fjármálaráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Það er markmið félagsþjónustunnar að aðstoða þá sem til hennar leita við að finna leiðir út úr fjárhagsvanda sínum með það að leiðarljósi að þeir geti sem fyrst staðið á eigin fótum. Félagsþjónustan leggur áherslu á að veita faglega ráðgjöf og handleiðslu í fjármálum einstaklinga og fjölskyldna. Auk þess að veita fólki ráðgjöf, hvatningu og stuðning til að geta tekið þátt á almennum vinnumarkaði til að auka eigin tekjumöguleika.

## Búsetuþjónusta

Það er markmið félagsþjónustunnar að gera einstaklingum kleift að búa á heimilum sínum og fá þar góða þjónustu, svo lengi sem verða má, en jafnframt verði tryggð nauðsynleg og sérstök húsnæðisúrræði og þjónusta þegar þeirra er þörf.

### **Félagsleg heimaþjónusta / liðveisla / frekari liðveisla**

Í samstarfi við HSA verður stefnt að samþættingu og þróun heimaþjónustu, liðveislu, frekari liðveislu og heimahjúkrunar með þarfir notandans að leiðarljósi.

### **Sólarhringsþjónusta**

Félagsmálanefndir félagsþjónustusvæðanna á Austurlandi geri sameiginlega tillögur að uppbyggingu sólarhringsþjónustu t.d. fyrir fatlað fólk og eldri borgara á Austurlandi, s.s. hvar og hvernig þjónustan skal byggð upp.

Jafnframt leiti félagsþjónusta Fjarðabyggðar og félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs leiða, í samstarfi við HSA, um samvinnu á þessu sviði t.d. með samnýtingu næturþjónustunnar í huga.

### **Félagslegt leiguhúsnæði**

Sveitarfélögin hafi í boði fjölbreytt félagslegt húsnæði fyrir bæði einstaklinga og fjölskyldur, mismunandi stærðir íbúða og að tekið verði tillit til sérþarfa fólks.

### **Notendastýrð persónuleg aðstoð NPA**

Félagsþjónusturnar vilja í auknum mæli leggja áherslu á Notendastýrða persónulega aðstoð í þjónustu sinni við fatlað fólk.

## **Virkni**

Það er markmiðið félagsþjónustunnar að fyrirbyggja og rjúfa félagslega einangrun einstaklinga og efla möguleika þeirra til þátttöku í samfélaginu.

### **Félagsleg hæfing, iðja, verkþjálfun og atvinna með stuðningi**

Félagsþjónusturnar leggja áherslu á uppbyggingu úrræða sem miða að félagslegri hæfingu, iðju og verkþjálfun fyrir fatlað fólk. Einnig verði leitast við í auknum mæli að gera samninga við atvinnurekendur um atvinnu með stuðningi. Félagsþjónusturnar hvetji sveitarfélögin til þess að hafa í boði störf fyrir fólk með skerta starfsgetu.

### **Dagvist eldri borgara**

Öflug dagvist stuðlar að því að fólk geti búið sem lengst heima. Því leggja félagsþjónusturnar áherslu á að dagvist eldri borgara verði byggð upp þannig að hún nýtist þeim sem á þurfa að halda.

### **List án landamæra**

Félagsþjónusturnar vilja stuðla að því að verkefnið List án landamæra, sem hefur það markmið að brjóta niður múra milli fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga, fari fram sem víðast á Austurlandi og í samstarfi við sem flesta, s.s. skóla, stofnanir og fyrirtæki.

### **Aðgengi**

Félagsþjónusturnar vinni að því að tryggja jafnt aðgengi íbúa sveitarfélaganna að öllum stofnunum og fyrirtækjum í sveitarfélagunum, í samstarfi við hlutaðeigandi.

## Barnavernd

Félagsþjónusturnar hafa það að markmiði að skapa börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði, með því t.d. að styrkja fjölskyldur í uppeldislutverki þeirra.

Meginmarkmiðið er að fjölskyldan geti búið saman, en sé þess þörf er barni sem býr við óviðeigandi aðstæður komið til hjálpar með viðeigandi aðgerðum.

Félagsþjónusturnar leggja áherslu á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum sé virt.

### **Verkferlar til að tryggja réttarstöðu barna og foreldra**

Félagsþjónusturnar búi yfir samhljóma verkferlum á öllum stigum barnaverndarþjónustunnar sem tryggja réttarstöðu barna og foreldra.

### **Úrræði á vegum Barnaverndarstofu**

Félagsþjónusturnar vinni að því að fá betri aðgang að ýmsum þeim úrræðum á sviði barnaverndar sem Barnaverndarstofan býr yfir.

### **Bakvakt barnaverndar**

Félagsþjónusturnar vinni að uppbyggingu sameiginlegrar barnaverndarbakvakta fyrir bæði félagsþjónustusvæðin m.a. með það að markmiði að tryggja hagkvæmni, örugga og góða þjónustu.

### **Vistun barna utan heimilis**

Félagsþjónusturnar tryggja að vistunarúrræði fyrir börn utan heimilis sé ætíð til staðar á svæðinu.

## Mannauður

Félagsþjónusturnar hafa að markmiði að hafa starfsfólk með góða menntun og skapa því starfsaðstæður sem gefa því tækifæri til að þroskast í starfi. Stöðugt verði unnið að þróun félagsþjónustunnar og möguleikum starfsfólks hennar til að veita sem besta þjónustu íbúunum til heilla.

### **Menntun starfsfólks**

Fræðsla og þjálfun standi starfsfólki til boða í þeim tilgangi að það verði hæfara til að sinna starfi sínu og taki virkan þátt í þróun starfseminnar.

### **Starfsaðstaða og starfsþróun**

Lögð er áhersla á að félagsþjónusturnar séu fjölskylduvænir vinnustaðir. Starfsdagar verði haldnir ár hvert og verði þeir m.a. nýttir til að vinna að þróun félagsþjónustunnar og til að efla liðsheild og þekkingu starfsfólks.

Starfsmannaviðtöl verði árlega við starfsmenn. Starfsfólki standi til boða einstaklingsmiðuð og/eða hóp handleiðsla í samráði við yfirmann.

**Starfsáætla- og fjárhagsáætlanagerð**

Samræmt verði form starfsáætla- og fjárhagsáætlanagerðar fyrir starfsstöðvar félagsþjónustu sem gerðar verða í tengslum við fjárhagsáætlanagerð. Þá verði unnið að því að handbækur og verkferlar verði til í öllum málaflokkum og uppfærðar reglulega.